
Náms- og starfsráðgjöf FSu



Ársskýrsla
Skólaárið 2010-2011

Agnes Ósk Snorradóttir
Álfhildur Eiríksdóttir
Eyvindur Bjarnason

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Starfslið.....	3
Símenntun/ endurmenntun og fundir starfandi náms og starfsráðgjafa.....	3
Nýnemadagur og nýnemaviðtöl	4
Námskeið og áhugsviðskannanir	4
Kynningarstarf og heimsóknir.....	4
Erlendir háskólar:	4
Íslenskir háskólar:.....	4
Kynningar í grunnskólum	5
Heimsóknir grunnskóla.....	5
Aðrar heimsóknir	5
Greiningalisti.....	5
Tilhliðrun í prófum.....	6
Samtals	6
Lestrarkönnun.....	7
Opin vottorð	7
Tilvísanir og samskipti við sérfræðinga utan FSu.....	8
Viðtöl	8
Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið	9
Umræður og lokaorð.....	10

Starfslið

Skólaárið 2010- 2011 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann. Agnes Ósk Snorradóttir var í 75% starfi, Álfhildur Eiríksdóttir í 100% starfi og Eyvindur Bjarnason í 25% starfi sem ráðgjafi.

Símenntun/ endurmenntun og fundir starfandi náms og starfsráðgjafa

Álfhildur hélt áfram MA námi sínu í náms- og starfsráðgjöf.

Agnes fór á 3 verkefnastjóranámskeið vegna innleiðingu Olweusar aðgerðaráætlunar gegn einelti og útskrifaðist sem verkefnisstjóri á vordögum.

Agnes fór á foreldrafund á vegum foreldrafélags FSu.

Álfhildur fór á fund með foreldrum og fornámsnemendum sem haldinn er í byrjun hvers skólaárs.

Agnes fór á fund SASS með Þórnari aðstoðarskólameistara. Fundurinn snérist um hugmyndir um þjónustumiðstöð fyrir nemendur á Suðurlandi.

Agnes sótti Academia námskeið í Luxeborg 2.-6. maí.

Álfhildur fór á morgunverðarfund 2.maí á vegum Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf sem fjallaði um náms- og starfsráðgjöf í netheimum og raddir ráðþega.

Álfhildur hlustaði á samráðsfund náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum gegnum internetið því símafundur virkaði ekki.

Álfhildur hlustaði á Uppskeruhátíð námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf gegnum fjarfundabúnað ásamt nokkrum kollegum af Suðurlandi.

Álfhildur fór á fund með skólameistara, áfangastjóra og forstöðumanni Vinnumálastofnunar vegna átaksins Skólinn opnar dyr .

Álfhildur sótti heim námsstefnuna Skólinn opnar dyr sem haldin var í Laugardalshöll 12.maí fyrir atvinnuleitendur á höfuðborgarsvæðinu.

Áfhildur og Agnes sátu fund með stjórnendum og aðilum frá Vinnumálastofnun á Suðurlandi vegna sameiginlegs verkefnis Nám er vinnandi vegur. Í framhaldinu var haldin kynning í sal FSu 25. maí fyrir atvinnuleitendur.

Nýnemadagur og nýnemaviðtöl

Sú nýbreytni átti sér stað í byrjun haustannar að haldin var Nýnemadagur áður en kennsla hófst. Þar gafst náms- og starfsráðgjöfum kostur á því að kynna sig og sína þjónustu fyrir nýnemum. Heimtur í nýnemaviðtöl hafa verið slæmar og gefur þetta nýja skipulag náms- og starfsráðgjöfum tækifæri til þess að ná til sem flestra nýnema. Á vorönn var notast við nýnemaviðtöl enda nýnemar mun færri og heimtur voru dræmar eins og áður.

Námskeið og áhugasviðskannanir

Markmið okkar náms- og starfsráðgjafa hefur verið að bjóða upp á námskeið eða áhugasviðskannanir. Í boði hafa verið IDEAS og Strong áhugasviðskönnun. Lagðar voru fyrir 7 Strong áhugasviðskannanir á skólaárinu en ekki var hægt að bjóða uppá IDEAS vegna annarra verkefna. Eitt námskeið í glósutækni var í boði á vorönn. Eitt námskeið í prófundirbúningi var haldið fyrir fornámsnemendur á haustönn.

Náms- og starfsráðgjöf hélt í samstarfi við Hörð og Önnu Þóru, námskeiðið „Nemendur við greiningar“ Námskeiðið var haldið fyrir kennara skólans á miðvikudagsfundi 19.janúar.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan og á vegum skólans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Síðan eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Erlendir háskólar:

Tækniskólinn í Horsens, Southern University of Denmark og Vejle Idrætshöjskole komu með kynningar á vorönn

Íslenskir háskólar:

Þann 16.mars komu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Keilir, allir á sama tíma á Háskólatorg þar sem nemendum gafst færi á að kynna sér nám allra skólanna í einu. Hefð hefur verið fyrir því að bjóða uppá Háskólatorg á Kátum dögum. Vegna skipulags háskólana var ekki hægt að

gera það að þessu sinni. Þessi leið mæltist enn betur fyrir en Kátu daga leiðin og er vel hugsanlegt að skipulagið verði á þennan hátt í framtíðinni. Háskólinn í Reykjavík kom á haustönn í umsjón til útskriftarnema en sá tími er heldur knappur fyrir slíkar námskynningar og dagskrá umsjónartíma líka þétt skipuð.

Kynningar í grunnskólum

Agnes fór með kynningar í grunnskólana ásamt Björgvini E. Björgvinssyni sviðstjóra og framhaldsskólakennara. Þau fóru í Vallaskóla, Grunnskólann á Hellu, Grunnskólann í Hveragerði, Flúðaskóla, Hvolaskóla, Laugarlandsskóla í Holtum, Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri og núna í fyrsta sinn í Sunnulækjarskóla á Selfossi. Oftast voru fulltrúar úr nemendaráði með í för.

Heimsóknir grunnskóla

Allir grunnskólar á Suðurlandi fengu heimboð í mars. Þessi leið er farin til þess að nemendur grunnskólana sjái hvernig skólinn lítur út á skólatíma.

10.bekkir úr eftirfarandi grunnskólum komu í heimsókn:

Sunnulækjarskóla, Vallaskóla, Grunnskólanum á Hellu, Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Grunnskólanum í Vík, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Grunnskólanum í Hveragerði og Flúðaskóla

Einnig tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann.

Aðrar heimsóknir

Í tengslum við Háskólatorg kom Dóra Stefánsdóttir frá Evrópumiðstöð náms og starfsráðgjafa kom með kynningu um Europass ferilskrá

Á haustönn var bryddað upp á þeirri nýbreytni að fá til okkar fulltrúa Iðunnar og Rafiðnarsambands Íslands til að kynna allt iðnnám á Íslandi (Iðnnámsdagurinn)

Greiningalisti

Nemendur með greiningu voru 202 á haustönn en 219 á vorönn. Aukning milli anna og skólaára heldur áfram. Ekki er eingöngu um fólk með námsörðugleika að ræða heldur einnig

nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s nemendur með bráðaofnæmi og fleira, en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér og sendir svo upplýsingar til kennara viðkomandi og síðan í upphafi hvernar annar eftir það meðan nemandi er í skólanum. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn ef við á, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Nemendur með greiningu sem sækja um lengri próftíma fá allir skírteini þar um sem þeir nota allan sinn námsferil í FSu. Því er erfiðara fyrir að hafa yfirsýn hverjir nýta sér lengri próftíma á hverjum tíma. Þetta kerfi er hins vegar mun skilvirkara fyrir nemendur sem þurfa ekki að sækja um þetta á hverri önn heldur bara í eitt skipti

Tilhliðrun í prófum

Á haustönn var sótt um sérstakar prófaðstæður í 63 prófum en á vorönn í 100 prófum

	Haust 2010	Vor 2011
Fámenni	31	53
Hljóðskrá	8	14
Með aðstoð og/eða tölvu	17	10
Stækkað letur	7	10
Litaður pappír	0	12
Annað		1
Samtals	63	100

Tölurnar í töflunni geta skarast þar sem sama prófið getur verið til dæmis í fámenni og með stækkað letur og á hljóðskrá. Nemendur sóttu um sérstakar prófastæður ýmist í öllum þeim greinum sem þeir þreyttu lokapróf eða einhverjum hluta þeirra allt eftir gerð prófa og aðstæðum hvers nemanda fyrir sig. Nemendur með prófkvíða og nemendur í sérstökum aðstæðum geta einnig sótt um lengri prófatíma og aðrar tilhliðranir í prófum eins og þarf. Um er að ræða fáa nemendur á hverju skólaári.

Einnig senda náms- og starfsráðgjafar vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum

Lestrarkönnun

Náms- og starfsráðgjöf hefur yfirumsjón með og vinnur úr lestrarkönnun. Íslenskukennarar leggja hana fyrir í upphafi nýrrar annar í öllum byrjunaráföngum í íslensku. Niðurstöður hennar eru síðan sendar til Harðar Ásgeirssonar og Önnu Þóru Einarsdóttur sérkennara og fer ákveðinn hluti nemenda í greiningarviðtöl. Flestir þeirra fá greiningu um leshömlur af einhverju tagi.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Fyrirkomulagið er þannig að nemendur skila inn opnu vottorði og hringja svo í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára og veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst.

Á haustönn voru 39 nemendur með opin vottorð. Tveir hættu á önninni og einn féll í öllu. Þessir nemendur byrjuðu í 670 einingum en luku 447 (66,7%). Þeir féllu í 177 einingum (26,4 %) og hættu í 46 einingum (6,9 %). Níu nemendur luku öllu sínu og einn nemandi í viðbót lauk öllu sínu nema því sem hann hætti í.

Á vorönn voru 54 nemendur með opin vottorð. Einn af þeim hætti við að koma í skólann í byrjun annar, þrír aðrir hættu á önninni vegna veikinda og sex nemendur féllu í öllu í lok annar. Þessir nemendur byrjuðu í 886 einingum, luku 556 (62,8 %). Þau féllu í 260 einingum (29,3 %) og hættu í 70 einingum (7,9 %). Fimm nemendur útskrifast með stúdentspróf og átta nemendur að auki luku öllu sínu, öll skráð í átján einingar eða meira. Þrír nemendur luku líka öllu sínu nema því sem þau hættu á önninni

Tilvísanir og samskipti við sérfræðinga utan FSu

Fjölbrautaskóli Suðurlands borgar allt að þrjú viðtöl fyrir nemendur sem náms- og starfsráðgjafar vísa til sálfræðings. Á haustönn voru 9 nemendur skólans sem sóttu sálfræðiviðtöl utan skólans, samtals 18 sinnum. Á vorönn voru þeir 4 nemendur í 11 viðtöl. Einnig hafa náms- og starfsráðgjafar átt í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

Félagsmálayfirvöld

Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL)

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar

Heilsugæslan

Geðlæknar

Lögreglan

Barnahús

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Fjöldatölur standa þó einungis fyrir fjöldanum, ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur.

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Sviðstjórar unnu móttökuáætlun fyrir þennan nemendahóp. Í framhaldi af því mótuðu náms- og starfsráðgjafar verklagsreglur þ.e við hvaða nemendur var um að ræða í

umsækjendahópi, gátlista fyrir viðtal og hlutverk túlks. Móttökuviðtöl hafa ekki farið fram þegar þessi skýrsla er unnin og því ekki meira um það að segja í bili.

Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið

Agnes er hluti af forvarnarteymi skólans. Hún sótti fundi með teyminu einu sinni í viku.

Álfhildur var sérstakur náms- og starfsráðgjafi Almennrar brautar fornáms á haustönn.

Agnes er verkefnistjóri Skólans í okkar höndum ásamt Guðfinnu Gunnarsdóttur á haustönn og Þórunni Jónu Hauksdóttur á vorönn. Skólinn í okkar höndum er yfgrípsmikið samþættingarverkefni sem felur í sér Olweus aðgerðaráætlun gegn einelti, dagamun (Komdu með út í geim, Kátir dagar og Flóafár, Nýnemadagur, h-eldri nema kaffi), skólabrag og Heilsueflandi framhaldsskóla. Agnes fundaði reglulega með verkefnisstjórum. Aðrir fundir tengdust þessu verkefni þ.m.t fundir með stýrihópi vegna Heilsueflandi framhaldsskóla, stjórnendum skólans á áttu fundum, fundir með skólameistara og aðstoðarskólameistara og ekki síst fundir með mötuneytisstarfsmönnum vegna Heilsueflandi framhaldsskóla. Nánar má sjá verkefni Skólans í okkar höndum í árskýrslu verkefnisstjóra.

Náms- og starfsráðgjafar áttu reglulega fundi með skólameistara og aðstoðarskólameistara

Náms- og starfsráðgjafar eru milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka sem þeir eiga rétt á að fá frá Blindrabókasafninu

Náms- og starfsráðgjafar héldu áfram að uppfæra heimasíðu deildarinnar.

Hringdu í alla nemendur sem féllu í þremur eða fleiri áföngum bæði á haustönn og vorönn.

Viðhalda kynningarhorni en þar eru upplýsingar um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi og að auki sýnishorn af erlendum skólum

Aðstoða og koma að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist

Umræður og lokaorð

Í ársskýrslum er við hæfi að líta yfir farinn veg. Hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel?

Við lýsum yfir ánægju okkar með Nýnemadag. Þar gafst okkur færi á að nálgast nýnema í meira mæli heldur en í nýnemaviðtölum sem voru barn síns tíma. Það er gaman að nefna það að náms- og starfsráðgjafarnir eru oft fyrstu fulltrúar skólans sem nemendur sjá í kynningum í grunnskóla og í heimsóknum í FSu. Það kom einmitt fram á nýnemadegi að þau þekktu okkur aftur og hljótum við að telja að það flýti fyrir aðlögun þeirra í nýjum skóla ;). Við erum stolt af Iðnemadeginum sem við höldum í samstarfi við Iðan fræðslusetur og Rafiðnarsamband Íslands í haust. Þar gafst nemendum FSu í fyrsta sinn tækifæri til þess að kynna sér allt iðnám á Íslandi frá hlutlausum aðila. Við höfum fullan hug á því að gera þetta að árlegum viðburði til jafnvægis við Háskólatorg á vordögum.

Það sem annars stendur upp úr eftir skólaárið er skerðing á þjónustu náms- og starfsráðgjafa í formi námskeiðshalds og þess tíma sem ráðgjafar hafa til viðtals við nemendur. Áherslubreyting hefur orðið á þjónustu náms- og starfsráðgjafa skólans þar sem áhersla er í auknum mæli á forvörn í formi verkefnisstjórnar Skólans í okkar höndum. Tilfinning okkar er sú að þeim nemendum fjölgi sem þurfa aðstoð náms- og starfsráðgjafa en fá hana ekki. Ef vel ætti að vera þyrfti aukningu á stöðugildum náms- og starfsráðgjafa við skólann og teljum við að það ætti að íhuga alvarlega. Eins og staðan er í dag, er nauðsynlegt fyrir náms- og starfsráðgjöf skólans að forgangsraða verkefnum sínum. Nýjar móttökureglur varðandi nemendur með annað móðurmál en íslensku er nýtt fyrirkomulag sem náms- og starfsráðgjafar sinna. Við fögnum því að þessum málaflokki sé betur sinnt en veltum því jafnframt fyrir okkur hvort ekki þurfi að leggja til vinnu og ábyrgðaraðila sem skoðar málið í heild sinni og heldur utan um verkefnið.